

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 - 68. fundur
haldinn að Laugarvatni, 29. nóvember 2017
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Davíð Sigurðsson, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Rúnar Guðmundsson, Byggingarfulltrúi og Guðmundur Þórisson, Áheyrnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi

Dagskrá:

Ásahreppur:

- 1. Kálfholt 3: Umsókn um takmarkað byggingarleyfi: Graftarleyfi fyrir íbúðarhús - 1711055**

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi, graftarleyfi fyrir íbúðarhús

Byggingarfulltrúi samþykkir að veita takmarkað byggingarleyfi, sem einskorðast við jarðvegsskipti vegna aðkomu og jarðvegsskipti undir hús. Kalla skal eftir botnúttekt vegna jarðvegsskipta.

- 2. Herrulækur 1: Umsókn um byggingarleyfi: Gistihús - 1711053**

Sótt er um leyfi til að byggja frístundahús 31,1 fm² og 91,2 m³ úr timbri

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

- 3. Herrulækur 5: Umsókn um byggingarleyfi: Gistihús - 1711054**

Sótt er um leyfi til að byggja frístundahús 31,1 fm² og 91,2 m³ úr timbri

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Hrunamannahreppur:

- 4. Tjarnadalur 6: Tilkynningarskyld framkvæmd: Gestahús - 1711026**

Sótt er um leyfi til að fjarlægja geymslu 5 ferm, byggingarár 2012. Tilkynnt er bygging gestahús 31,9 fm² og 96 m³.

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

5. Garðastígur 8A: Stöðuleyfi: Hús - 1711036

Sótt er um stöðuleyfi fyrir fokhelt hús 16,04m * 5,36m.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. september 2018.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

6. Brekkur 10: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - viðbygging - 1711008

Sótt er um leyfi til að byggja við sumarhúsið 60,6 fm² og 185,3 m³ úr timbri. Heildarstærð eftir stækkun er 265,8 fm²

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

7. Kerengi 21: Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús - viðbygging - 1709078

Erindi sett að nýju fyrir fund með breytingu á afstöðu á sumarhúsi á lóð og nú er tilkynnt stækkun um 16,6 fm², heildarstærð verður 37,4 fm og 95,8 m³

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

8. Þrastalundur lóð 1: Stöðuleyfi: Kæligám og geymslugám - 1711063

Sótt er um stöðuleyfi fyrir kæligám og geymslugám

Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. desember 2018.

9. Þrastalundur lóð 1: Stöðuleyfi: Gámur - 1711064

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 fm² gám

Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. desember 2018.

Bláskógabyggð:

10. Snorrastaðir lóð 15: Tilkynningarskyld framkvæmd: Baðhús - 1711040

Tilkynnt er bygging á baðhúsi 7,1 fm² og 19,2 m³ úr timbri að Snorrastöðum lóð 15

Tilkynningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

11. Stekkatún 5: Tilkyningarskyld framkvæmd: Bílgeymsla - 1711035

Tilkynnt er bygging bílgeymslu 39,8 fm² og 123,9 m³ úr timbri að Stekkatúni 5.

Tilkyningarskyld framkvæmd skv.gr. 2.3.5 og 2.3.6 nr. 360/2016, sem er breyting á byggingarreglugerð 112/2012.

Samþykkt.

Meðfylgjandi gögn uppfylla gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar 112/2012, og samræmast skipulagsáætlunum.

Flóahreppur:

12. Litla-Ármót: Umsókn um byggingarleyfi: Fjós - 1708041

Erindið sett að nýju fyrir fund þar sem fjós er orðið að grunnfleti 1.622 fm², erindið fékk samþykkt byggingaráform 6. september 2017 með grunnflöt 1.450 fm² en ekki var byrjað á framkvæmdum.

Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.

Umsögn um rekstrarleyfi:

13. Dalbær 2 lóð: Umsögn um rekstrarleyfi - 1710033

Móttékin var tölvupóstur þann 16/10 2017 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl.II, gististaður án veitinga - minna gistiheimili (C)

Byggingarfulltrúi synjar umsókn um rekstrarleyfi í fl. II, þar sem teikningar húss eru ekki í samræmi við núverandi innra skipulag.

14. Langholtsvegur: Umsögn um rekstrarleyfi: Veitingar - 1711006

Móttékin var tölvupóstur þann 31/10 2017 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl.III, umfangsmikilir áfengisveitingastaðir - samkomusalur (G) í Félagsheimilinu á Flúðum

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemd við að veitt sé rekstrarleyfi í fl. II, fyrir veitingar. Fjöldi gesta allt að 320 manns.

15. Nesjavellir: Umsögn um rekstrarleyfi - 1707020

Móttékin var tölvupóstur þann 10/07 2017 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, veitingarstaðir - veitingahús (A) - Silfra restaurant

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemd við að veitt sé rekstrarleyfi í fl. II, fyrir veitingar. Fjöldi gesta allt að 100 manns.

16. Koðrabúðir 6, 7 og 10: Umsögn um rekstrarleyfi - gististaðir - 1711041

Móttekin var tölvupóstur þann 17/11 2017 frá fulltrúa Sýslumanns Suðurlands þar sem óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi í fl. II gististaður án veitinga í frístundahúsi (G) í Koðrabúðum 6, 7 og 10

Byggingarfulltrúi synjar umsókn um rekstrarleyfi í fl. II, þar sem ekki eru veitt slík leyfi í sumarhúsabyggð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30

